



FRÉTTIR AF AÐALFUNDI Á SNÆFELLSNESI

Dagana 12.-13. apríl efndu samtökin til aðalfundar í Stykkishólmi og skoðunarferðar um Snæfellsnes. Þátttakendur voru um tuttugu og nutu þeir gestrisni heimamanna. Byrjað var á aðalfundi á Hótel Fransiskus eftir hádegi á fimmtudegi og í lok hans hlýtt á örerindi um sögustaði og nýjungar í ferðaþjónustu á Snæfellsnesi. Seinnipartinn var farið í gönguferð undir góðri leiðsögn um Stykkishólm og litið inn á Eldfjallasafnið, hagleikssmiðjur og Vatnasafnið. Um kvöldið nutu menn kræsinga úr héraði í Narfeyrarstofu.

Að morgni föstudag var haldið í rútuferð um Snæfellsnes undir leiðsögn Ragnhildar sögufylgju. Komið var við hjá Kirkjufelli, á Arnarstapa, í gestastofu Þjóðgarðsins og Frystiklefanum á Hellissandi. Að lokum var litið við í Sögustofunni hjá þeim heiðurshjónum Inga Hans og Sigurborgu í Grundarfirði.

Litlar breytingar urðu á stjórn samtakanna og var Rögnvaldur Guðmundsson

endurkjörinn formaður. Aðrir í stjórn eru: Skúli Björn Gunnarsson, Ásborg Arnþórsdóttir, Þórir Örn Guðmundsson, og Dagný Marín Sigmarsdóttir. Í stað Guðbrands Benediktssonar tók Guðrún Helga Stefánsdóttir sæti varamanns og Sigrún Þormar er einnig varamaður.

Helstu niðurstöðutölur ársreiknings 2017 eru:

Tekjur	6.320.000 kr.
Gjöld	6.652.133 kr.
Halli m.t.t. fjárl.	(394.533 kr.)
Eigið fé í lok árs 2016	635.994 kr.

Á aðalfundinum kom fram að söguferðaþjónusta á víða undir högg að sækja og m.a.s. hefðu söfn í Reykjavík fundið fyrir fækkun gesta á síðasta ári. Töldu fundarmenn að helsta sóknin væri falin í meiri sýnileika á netinu, miðabókunum á heimasíðum og fjölgun tungumála í hljóðleiðsögn þar sem hún væri í boði.



Sigurborg Hannesdóttir og Ingi Hans Jónsson tóku vel á móti hópnum í Sögustofu sinni í Grundarfirði og sögðu frá uppbyggingunni sem þau hafa staðið í síðustu ár. Ljósm. SBG.

Samstarf við Íslandsstofu og Katarzyna áfram starfsmaður

Samtökin eru áfram í góðu samstarfi við Íslandsstofu og Katarzyna Dygul (Kasia) hefur haft starfsaðstöðu þar í vetur. Hún sinnir einnig markaðsverkefnum fyrir Íslandsstofu og seinnihluta þessa árs og fram á það næsta mun hún verða starfsmaður Íslandsstofu en halda samhliða áfram að vinna fyrir SSF innan þess starfs. Hún hefur jafnframt aðstoðað FÍSOS við að auka sýnileika safna. Um þessar mundir er Katarzyna m.a. að

skipuleggja svokallaðar áhrifavaldaferðir sem farnar verða í haust með vinsæla erlenda „Youtubara“ og „Instagrammara“ á valda staði. Íslandsstofa hefur jafnt og þétt aukið áherslu sína á sögu- og menningarferðaþjónustu og stóð t.a.m. fyrir vinnustofu 7. júní sl. um hvernig megi efla þennan mikilvæga hluta ferðamenskunnar og þar kynnti Katarzyna m.a. það sem samtökin hafa verið að gera undanfarin ár.

FRÉTTAKORN

Samningur SSF við atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti var endurnýjaður í apríl og er til 3ja ára sem er nýnæmi. Árlegt framlag til samtakanna er 2 m.kr.

Íslandskort SSF, sem prentað var síðsumars í fyrra er í dreifingu um allt land. Inni á því eru þeir aðilar samtakanna sem greiða kynningargjald. R3 sér um að dreifa kortinu á helstu staði en félögum er bent á að sækja kortið á upplýsingamiðstöðvar ef að þeir hafa ekki fengið það. Rögnvaldur formaður mun einnig hafa það meðferðis í sínum hringferðum. Í haust verður farið í að endurskoða kortið og þá geta nýir aðilar bæst inn á það. Kortinu er fyrst og fremst ætlað að vekja athygli á söguferðaþjónustu og beina ferðamönnum inn á heimasíðu samtakanna til að afla sér frekari upplýsinga og leiðsagnar.

Facebook og Instagram


Nú er unnið saman með þessa tvo miðla og sér Katarzyna um það. Fylgjendum Facebook síðunnar (*Sagatrail Iceland*) fjölgar jafnt og þétt og Instagram-síðan (*sagatrail_Iceland*) er komin með 9000 fylgjendur, tvöfalt fleiri en í fyrra. Munið eftir að skrá ykkur sem fylgjendur á þessar síður til að auka útbreiðslu þeirra.

FOLLOW THE VIKINGS

LOKAARIÐ I EVROPUVERKEFNINU FTV

Lokaárið í *Follow The Vikings* er runnið upp en því lýkur formlega í júní 2019. SSF var gestgjafi á velheppnaðari námsstefnu dagana 23.-27. október á síðasta ári sem fram fór í Reykjavík og Borgarfirði. Aðilar að samtökunum tóku virkan þátt í þeirri dagskrá og voru þátttakendur með erlendum gestum um 100 talsins. Var gerður góður rómur að skipulagningu og framkvæmd sem tókst í alla staði vel og hófst með heimsókn í Bessastaði.

SSF ber m.a. ábyrgð á ljósmyndahluta verkefnisins og hefur Katarzyna Dygul tekið að sér að fylgja þeim verkhluta til enda. Þá bera samtökin einnig ábyrgð á gerð teiknimyndasögu sem unnin er af samstarfsfólki rithöfundarins Neil Gaiman, þeim Cat Mihos og Jouni Koponen, beggja vegna Atlantsála. Mun sú saga koma út fyrir árslok og verður vonandi aðeins upphafið að nýrri seríu sem sækir innblástur í Snorra-Eddu.



FTV-FARANDSÝNING Á VETRARHÁTÍÐ 2019

Stærsta áskorun SSF á næstu mánuðum er að taka á móti *Roadshow* eða farandviðburði sem ferðast nú á milli landa. Samstarf hefur náðst við Höfuðborgarstofu og Listasafn Reykjavíkur í Hafnarhúsi um að þessi viðburður verði liður í Vetrahátíð í Reykjavík helgina 9.-10. febrúar 2019. Í sýningunni er unnið með trumbuslátt, dans, ljós og vídeó en texti úr kvæðinu *Höfuðlausn* eftir Egil Skallagrímsson er burðarásinn. Kjarni sýningarhópsins kemur til Íslands ásamt tæknimönnum og tæknibúnaði en markmiðið er að fá einnig íslenska vikinga, dansara og fleiri til að koma að sýningunni. Einnig eru hugmyndir uppi um að þeir aðilar sem vinna mest með vikingaarfinn geti sett upp bása og þannig verði meira um að vera í Hafnarhúsinu heldur en bara þessi 40 mínútna sýning. Félagsmenn SSF munu fréttu meira af þessu í haust þegar skipulagning hefst fyrir alvöru. Hægt er að sjá myndir frá þeim sýningum sem haldnar hafa verið á www.followthevikings.com.

ÁRGJALD, KYNNING OG GREIÐSLUR

Á aðalfundinum í Stykkishólmi var samþykkt óbreytt gjaldskrá fyrir aðild að samtökunum fyrir árið 2018. Með útgáfu Íslandskortsins á síðasta ári fjölgaði aftur þeim sem greiddu kynningargjald, en það er afar mikilvægt til að samtökin nái að halda úti starfsemi sinni og sýna fram á virka kostnaðarhlutdeild á móti framlögum ríkisins.

Með þessu fréttabréfi berast greiðsluseðlar til félagsmanna og eru þeir gerðir í samræmi við greiðslur á síðasta ári þar sem Íslandskortið er í dreifingu og ný gerð þess verður prentuð í haust. Mikilvægt er að allir aðilar skoði upplýsingar um sig sem eru á sagatrail.is/soguslodir.is og sendi viðbætur eða leiðréttingar á starfsmann samtakanna, katarzyna@islandsstofa.is. Mikil umferð er um vefinn og erlendir ferðamenn nota hann til skipulagningar á ferðum sínum í auknum mæli svo að opnunartími og annað þarf að vera rétt um staðina.

Árgjaldið er veltutengt og innifalið í fullri aðild er:

- grunnskráning á vefinn sagatrail.is / soguslodir.is
- límmiði fyrir glugga eða vegg um aðild að SSF
- 50% afsláttur af þátttökugjöldum á fundum og ráðstefnum SSF.

Árgjald 2018	Full aðild	Aukaaðild (75%)
Gjaldflokkur 1 (ársvelta allt að 10 m.kr.)	16.000 kr.	12.000 kr.
Gjaldflokkur 2 (ársvelta 10-40 m.kr.)	24.000 kr.	18.000 kr.
Gjaldflokkur 3 (ársvelta yfir 40 m.kr.)	30.000 kr.	22.500 kr.

Einstaklingar með aukaaðild greiða áfram 6.000 kr.

Innifalið í 90.000 kr. kynningargjaldi er eftirfarandi:

- ítarskráning á vef, s.s. skráning í fleiri flokka og í söguhringi
- staðsetning og upplýsingar í prentuðu kynningarefni
- afsláttur á auglýsingum
 - o hjá samstarfsaðilum SSF
 - o í auglýsingaherferðum SSF
- fáni samtakanna (1 stk.)
- aðgengi að ljósmyndagrunni SSF
- aðstoð starfsmanns SSF við sýnileika á vef, s.s. TripAdvisor og Google Maps

Stjórn hvetur félagsmenn til að standa skil á greiðslum til samtakanna. Þeir sem hafa eitthvað við gjöldin að athuga skulu hafa samband við gjaldkera, skuli@skriduklaustur.is.



Starfsmaður Samtaka um söguferða-þjónustu er Katarzyna Dygul (katarzyna@islandsstofa.is) með aðstöðu hjá Íslandsstofu. Formaður er Rögnvaldur Guðmundsson (rogvaldur@rrf.is). Gjaldkeri er Skúli Björn Gunnarsson (skuli@skriduklaustur.is) og ritari er Dagný Marín Sigmarsdóttir (dagny@marska.is).

Minum á vef fyrir innra starf samtakanna: soguslodir.wordpress.com. Munið að „followa“!